

3. gr.

Sýni skulu send Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins af öllu mjöli, sem framleitt hefur verið úr nítítrótvrörðu hráefni. Verksmiðjustjóri (vinnslustjóri) ber ábyrgð á, að sýni séu send Rannsóknastofnuninni sem fyrst af öllu nýframleiddu mjöli, sem unnið hefur verið úr nítítrótvrörðu hráefni. Í mjöli úr nítítrótvrörðu hráefni mega ekki mælast nítítrósamín eða önnur eiturefni og hættuleg efni í því magni, er að dómi eiturefnanefndar telst varhugavert, sbr. 15. gr. laga nr. 85/1968.

4. gr.

Heimilt er að blanda formalíni (35% w/w lausn af formaldehyði í vatni) í nítítrílausnir samkvæmt fyrirmælum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, sbr. ákvæði 6. gr.

Um eftirlit með notkun formalíns og nítítrata í fiskimjölsverksmiðjum fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðvum. Leyfi til notkunar formalíns er háð því skilyrði að farið sé að fyrirmælum og leiðbeiningum Vinnueftirlits ríkisins um notkun efnisins.

5. gr.

Notkun nítítrata um borð í veiðiskipum er óheimil.

6. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur á hendi eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. Rannsóknastofnunin sendir eiturefnanefnd árlega skýrslu um mælingar á nítítrítum og öðrum eiturefnum og hættulegum efnum í bræðslufiski, sbr. ákvæði 3. gr.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari eða fyrirmælum sem sett kunna að vera samkvæmt henni, varða sviptingu leyfis til notkunar nítítrits eða formalíns og sektum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, og að höfðu samráði við sjávarútvegsráðuneytið hvað varðar Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 459/1981 um notkun rotvarnarefna til geymslu á loðnu og öðrum bræðslufiski.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. febrúar 1983.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Bessastaðahreppi
nr. 521 30. september 1980.**

1. mgr. 8. gr. orðist svo:

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla skv. 3. og 6. gr. um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.